

Fundargerð stjórnar Félags kvenna í atvinnulífinu (FKA)

Staður: Hús atvinnulífsins, fundarherbergið Kjarni á 1. hæð

Dagsetning: 19. ágúst 2019

Tími: 16:30 til 20:00

Mættar voru stjórnarkonurnar:

Áslaug Gunnlaugsdóttir (ÁG), Hulda Ragnheiður Árnadóttir (HRÁ), Lilja Bjarnadóttir (LB), Margrét Jónsdóttir Njarðvík (MJN), Ragnheiður Aradóttir (RA), Sigríður Hrund Pétursdóttir (SHP). Þá var framkvæmdastjóri félagsins, Hrafnhildur Hafsteinsdóttir (HH) viðstödd fundinn.

Dagskrá fundarins var sem hér segir:

1. Dagskrá vinnufundar
2. Stefnumótunarfundur FKA í október
3. Landsbyggðanefndir
4. Fjölmiðlaverkefni FKA
5. Jafnvægisvog FKA
6. Heimasíða FKA
7. Upplýsingagjöf
8. Samstarfssamningar
9. Stjórnarverkefni og Metoo
10. Viðburðir haustsins
11. Samantekt

Formaður stjórnar, Hulda Ragnheiður Árnadóttir, setti fundinn og bauð fundarkonur velkomnar. Engar athugasemdir bárust frá stjórnarkonum varðandi boðun fundarins, afhendingu fundargagna eða annað. Ritun fundargerðar var í höndum SHP.

1. Dagskrá vinnufundar

Hulda Ragnheiður fór yfir dagskrá fundarins. Ákveðið að fundargerðir vinnufunda verði ritaðar og birtar.

2. Stefnumótunarfundur FKA

Dagsetning stefnumótunarfundar hefur verið ákveðin 17. október 2019, hann verður haldinn í Norðurturni, eftir vinnu með kaffiveitingum í boði Íslandsbanka. Farið var lauslega yfir skipulag viðburðarins, aðdragandann og efnistöð fræðsluhlutans. Tillaga kom um að bjóða formönnum landsbyggðanefnda á viðburðinn með því t.d. að greiða bensín á einn bíl og hvetja þannig til þátttöku og samnýtingu á ferðum.

3. Landsbyggðanefndir

Farið var yfir skipulag funda með landsbyggðanefndum – MJN er tilbúin til að vera tengiliður til að búa til aðstoða konur í landsbyggðanefndum að taka þátt í alþjóðlegum verkefnum og styrkumsóknum. Helstu áskoranir í landsbyggðarnefndum eru m.a. mikið álag á formönnum landsbyggðanefnda. Rætt var um áskoranir í mönnun stjórna en það er aðeins mismunandi eftir landsbyggðum.

4. Fjölmiðlaverkefni FKA

Danielle Neben kom sem gestur inn á fundinn en hún er verkefnastjóri í verkefninu. Verkefnið er að fara af stað með RUV og felst í grófum dráttum í:

1. Fjölmíðlaþjálfun: Móta þarf reglur/skilyrði fyrir því hverjir geta sótt um að taka þátt í verkefninu og þau síðan auglýst sem víðast. Sett verður upp nefnd til að velja inn þátttakendur í fjölmíðlaþjálfun á grundvelli þeirra viðmiða sem sett verða. 16. nóvember er áætlaður þjálfunardagur.
2. Fjölmíðlafræðsludagur FKA: Stefnt er að opnum fræðsludegi fyrir allar félagskonur þar sem tækifæri gefst til að sækja fyrirlestra og taka þátt í æfingum fyrir þá sem það kjósa. Dagsetningar koma síðar.
3. Mælikvarðar til lengri tíma: Það er nauðsynlegt að vera með markmið fyrir mælikvarðana, t.d. æskilegt hlutfall karla og kvenna í fjölmíðlum og við hvað á að miða? Það þarf að koma á framtíðarmælikvörðum til að fylgja eftir í tíma. Velja þarf framkvæmdaraðila og setja upp mælikvarða. Unnið er að því að fá aðila með í verkefnið sem hafa mikla reynslu á þessu sviði.

5. Jafnvægisvog FKA

Farið yfir kynningu á verkefninu. Komið er tímaplan fyrir fundi og viðburði Jafnvægisvogarráðs. Hildur Árnadóttir sem leiðir Jafnvægisvogin fyrir hönd FKA og Eva Michelsen verkefnisstjóri komust ekki á fundinn. Ákveðið að þær hitti stjórn nú á haustdögum til að fara nánar yfir verkefnið.

6. Heimasíða FKA og samningur við VISKU

Íris Magnúsdóttir og Helga Kolbrún Magnúsdóttir, fulltrúar Vefráðs komu í heimsókn og kynntu stöðuna á vinnu við heimasíðu FKA. Áætlað er að frumhönnun vefsíunnar verði lokið fyrir ágústlok. Heimasíðan sjálf ætti að vera komin fyrir árslok.

7. Upplýsingagjöf um stóru verkefni

Umræður um hvernig best væri að láta félagskonur vita um stöðu stóru verkefna FKA, helst í einni frétt/markpósti til að draga úr tíðum póstsendingum til félagskvenna.

8. Samstarfssamningar

Rætt var um fyrirkomulag á samstarfssamningum og hvernig mögulegt er að koma betra kerfi utan um t.d. velunnaralista. Hægt er að styðjast við samþykktar innkaupareglur. HH og HRÁ ætla að skoða hvernig hægt er að byggja upp kerfi og koma með tillögu til úrbóta. Rætt var um að senda út póst til félagskvenna þar sem konum sem hafa áhuga á að taka að sér vinnu við tiltekin sérsvið geti gefið kost á sér. Þá er hægt að leita til þeirra eftir tilboðum í verkefni þegar þau koma upp.

9. Stjórnarverkefni og #MeToo

MeToo málefni stjórnar – beinir sjónum að forvörnum og framtíð. Verkefnið er unnið í samstarfi við félagsmálaráðuneytið. Tengiliður við stjórn FKA er MJN. Félagsmálaráðuneytið hefur ekki gefið út erindisbréf fyrir nýjan fulltrúa FKA í starfshópi um aðgerðir vegna MeToo málefna.

Stjórnarverkefnið – Stjórn FKA telur mikilvægt að fylgjast vel með verkefninu og leita eftir vilja félagskvenna varðandi áherslur á stjórnarverkefnið. Þetta mun verða til umræðu á stefnumótunardeginum.

10. Stjórnarstarf framundan

Hádegisverðarfundir – Stjórnarkonur munu taka þátt í hádegisverðarfundunum eins og þær mögulega komst til að gera. Það verður ekki föst dagskrá, heldur áhersla lögð á að heyra hljóðið í félagskonum og kynnast innbyrðis.

11.Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd.

Fundi slitið kl. 20:00.

Fundargerð þessi var samþykkt af stjórnarkonum